

Nr. 110 / 10 Már**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7569
Smíðaður: Bandaríkin 1996, plast
Stærð: 6,66 brl. 8,65 bt.
Mesta lengd: 10,02 m Skráð lengd: 8,45 m
Breidd: 3,01 m Dýpt: 1,81 m
Vél: Yanmar 188 kW 2001
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
Gögn RNS

©

Málið afgreitt á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvassyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. ágúst 2010 var skemmtibáturinn Már á siglingu í Faxaflóa Veður: V 3-4 m/sek.

Þegar komið var í mynni Hvalfjarðar skammt vestur af Kjalarnestöngum bilaði sjódæla í kælikerfi vélarinnar og óskaði formaðurinn þá eftir að vera dreginn til hafnar.

Björgurnabáturinn Halla Jónsdóttir, sem var að sinna öðrum bát, dró Má til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn formannsins og eiganda hafði dælan farið að leka vegna þess að einn bolti í henni slitnaði en þegar hann ætlaði að herða á öðrum jókst lekinn. Hann lokaði því fyrir botnlokann og þar sem björgunarbátur var að sinna öðrum bát skammt frá bað hann um vera dreginn til hafnar;
- að formaður sagðist hafa verið með litla utanborðsvél sem hægt hafi verið að nota í neyð og akkeri með tilheyrandi viðlegubúnað tiltækan.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í nálinu.